

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2013  
Tilvísun: UST20131200029/gbi

## **Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs - 215. mál**

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. desember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 215. mál, sbr. þingskjal 277.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við greinar frumvarpsins:

### **3. gr., o-liður, 5. töluliður**


Hugtakið *lífraenn úrgangur* hefur þegar verið skilgreint í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt þeirri skilgreiningu nær hugtakið yfir allan lífbrjótanlegan úrgang (e. biodegradable waste). Síðasta áratuginn hefur þessi merking hugtaksins *lífraenn úrgangur* því náð festu og er m.a. grundvöllur fyrir markmiði sem í gildi er um að draga úr urðun lífræns úrgangs á tímabilinu 2009–2020, sbr. 5. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun óheppilegt að breyta merkingu hugtaksins nú, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpinu mun hugtakið einungis ná yfir hluta lífbrjótanlegs úrgangs og hefur því í för með sér þrengri skilgreiningu en verið hefur. Umhverfisstofnun telur heppilegra að hugtakið *lífraenn úrgangur* standi óhaggað en að skilgreint verði nýtt hugtak sem nái yfir garðaúrgang, matar- og eldhúsúrgang og sambærilegan úrgang frá vinnslustöðvum matvæla (e. bio-waste). Stofnunin bendir á að í hugtakasafni þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins er hugtakið *bio-waste* þýtt sem *lífúrgangur*.


### **12. gr.**

Ný 24. gr. kveður á um hlutverk Umhverfisstofnunar að sjá um gerð almenns fræðsluefnis og upplýsa og fræða almenning um meðhöndlun úrgangs í samvinnu við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð og aðra hagsmunaaðila. Í beiðni um kostnaðarmat frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins er kostnaður við framkvæmd þessarar greinar metinn á 8 milljón krónur á ári. Ekki er svigrúm hjá stofnuninni til að taka að sér þetta hlutverk nema til komi fjármagn. Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu kemur ekki fram mat á kostnaði stofnunarinnar við framkvæmd þessarar greinar og leggur

stofnunin því til, að óbreyttu kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins, að greinin verði feld niður.

Virðingarfullst

  
Gunnlaug Einarsson  
sviðsstjóri

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri